

LÖG

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (öryggi í siglingum, kjarnakleyf efni o.fl.).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- Við 6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 44/2001, bætast þrjú nýir töluliðir, svohljóðandi:
13. Fyrir háttsemi sem greinir í samningi um að koma í veg fyrir ólögættar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó frá 10. mars 1988.
 14. Fyrir háttsemi sem greinir í bókun um að koma í veg fyrir ólögættar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu frá 10. mars 1988.
 15. Fyrir háttsemi sem greinir í samningi um vörslu kjarnakleyfra efna frá 3. mars 1980.

2. gr.

Við 2. mgr. 165. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 41/1973, bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gildir ef gripið er inn í stjórn skips eða botnfastra mannvirkja á landgrunninu.

3. gr.

Við 1. mgr. 168. gr. laganna, sbr. 80. gr. laga nr. 82/1998, bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gildir ef raskað er öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu.

4. gr.

Á eftir 169. gr. laganna kemur ný grein, 169. gr. a, svohljóðandi:
Hver sá sem ólöglega tekur við, hefur í vörslum sínum, notar, flytur, breytir, losar eða dreifir kjarnakleyfum efnum og stofnar með því lífi manna, heilsu eða eignum í háska skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Ef brot skv. 1. mgr. hefur í för með sér almannahættu varðar það fangelsi allt að 16 árum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 8. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.